

Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030 samantekt breytinga eftir auglýsingu.

1. Greinargerð

Bls. 21 - Markmið: *Gæði umferðarkerfisins sem þjónustukerfis verði tryggð.*

Í undirkafla „Framkvæmd“ hefur verið bætt: Göngu- og hjólaleiðir verði sniðnar að þörfum notenda þeirra og sérstakt tillit verði tekið til aðgengis fatlaðs fólks.

Markmið: Umferðarkerfið skal mæta ströngustu kröfum um öryggi.

Í undirkafla „Framkvæmd“ hefur verið bætt: Á stofn- og tengibrautum skulu vera a.m.k. 2 metrar sem skilja þær frá götu þar sem rými leyfir. Sé gatan breið sem gangbraut er yfir, skulu vera miðeyjar að lágmarki 2 m breiðar til að vegfarandi geti staðið öruggur á miðeyjunni og til að hún rúmi t.d. barnavagn eða reiðhjól. Þar sem stígur kemur að stofn- eða tengibraut skulu vera víxlgrindur á stíg, þannig að vegfarandi snúi á móti þeim umferðarstraumi sem hann á eftir að þvera.

Bls. 23 - Markmið: *Stuðlað skal að umhverfi sem hvetur til útiveru á öllum árstíðum.*

Í undirkafla „Framkvæmd“ hefur verið bætt: Tryggja skal aðgengi allra að útivistarsvæðunum og skal þar sérstaklega huga að aðgengi fatlaðs fólks.

Bls. 35 - ÍB4 Ytri Brekka vestur. Í „Lýsing og sérákvæði reita“ hefur fjöldi íbúða á þéttingarreit verið minnkaður úr 85 í 50 íbúðir og bætt í texta: 50 íbúðir í fjölbýlishúsum. Í þeim fjölbýlishúsum skulu vera fjölbreytilegar íbúðastærðir, en skilmálum um hæð er vísað til deiliskipulags reitsins. Gæta skal varúðar við byggingarframkvæmdir.

Bls. 36 - ÍB11 Kotárborgir. Norðurmörk svæðisins hafa verið færð til suðurs að vegslóða sem íbúar hafa markað og nýtt og stærð svæðisins minnkuð úr 5,0 ha í 4,4 ha. Í „Lýsing og sérákvæði reita“ hefur fjöldi íbúða verið minnkaður 100-150 í 90-130 og bætt hefur verið í texta: Klappir verði óhreyfðar eins og kostur er og ekki verði farið í uppbyggingu svæðisins fyrr en að loknum jarðvegsrannsóknunum.

ÍB12 Lundarsvæði. Þéttingarsvæði núverandi æfingavöllur KA hefur verið felld út og stærð svæðisins minnkuð úr 34,5 ha í 33,4 ha.

ÍB17 Svæði norðan Hörgárbrautar. Svæðið hefur verið stækkað úr 7,0 í 7,8 ha.

Bls. 37 - ÍB20 Svæði austan Hlíðarbrautar. Í „Lýsing og sérákvæði reita“ hefur verið bætt: Uppbygging fjölbýlishúsa á norðurhluta svæðisins er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Bls. 39 - Þéttingarsvæði. KA svæði æfingavöllur hefur verið felld út. Annað þéttingarsvæða Vestursíða lítil svæði dreifð hefur verið felld út, stærð minnkað úr 0,9 í 0,4 og íbúðum fækkað úr 20 í 10.

Bls 40 - Í tímasetningu og forgangsröðun svæða hafa orðið nokkrar breytingar, m.a. hafa nokkur svæði verið færð í ótímasett. Íbúðir 2018-2019 eru nú 300. Íbúðir á fyrri hluta skipulagstímabilsins eru nú 1700. Íbúðir á síðari hluta skipulagstímabilsins eru nú 500. Ótímasettar íbúðir eru nú 500. Alls eru íbúðir nú 3000, sem er svipaður heildarfjöldi og áður.

Bls. 45 - S22 Dalsbraut/Hlíðarlundur. Þar sem þéttingarsvæði fyrir íbúðir hefur verið breytt í viðbót við stofnanasvæðið stækkar svæðið úr 3,1 í 4,1 ha. Í „Lýsing og sérákvæði reita“ hefur verið bætt: Uppbygging á suðurhluta svæðisins er háð stefnumótun um uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ótímasett.

Bls. 47 - AT5 Krossaneshagi 1. og 2. áfangi. Svæðið stækkar úr 46,7 í 47,7 ha.

Bls. 50 - I19 Texta í „Lýsing og sérákvæði reita“ hefur verið breytt: Malbikunarstöð, efnislosun, efnisgeymsla. Afmörkun svæðisins hefur verið breytt.

Bls. 53 - Bætt hefur verið inn skýringarmynd af öryggisfleti Akureyrarflugvallar.

Bls. 55 - E4 Svæði við Lambhagaveg í Hrísey. Í „Lýsing og sérákvæði reita“ hefur verið bætt: Akstur félagsmanna Stimpils félags áhugamanna um akstursíþróttir er heimill á svæðinu.

Bls. 58 - A4 og A5 Textinn „Hugmyndir eru uppi um uppbyggingu skemmtigarðs á svæði við Selaklappir, áður brennustæði“ hefur verið færður úr A5 í A4 í „Lýsing og sérákvæði reita.“

Bls. 59 - Grímsey. Gatnanöfn hafa verið leiðrétt.

Bls. 85 - 2.1.26 Vegir, götur og stígar. Í „Almenn ákvæði“ hefur verið bætt: Meginmarkmið í mótun gatnakerfis er að mæta þörfum samfélagsins um greiðar samgönguleiðir og jafnframt að tryggja umferðaröryggi allra vegfarenda þ.e. akandi, gangandi, hjólandi og ríðandi. Skal þar sérstaklega huga að aðgengi fatlaðs fólks.

Bls. 85-86 - Lamhagaveg í Hrísey hefur verið breytt úr stofnbraut í tengibraut.

Bls. 86-87 - Í „Stígar“ hefur verið bætt: Aðskilja skal gangandi og hjólandi umferð á þessum stígum til að tryggja öryggi sjón- og heyrnarkertra. Aðskilja skal stíga frá bílagötum þar sem það er unnt, og nota trjágróður til þess þar sem það hentar. Einnig: Huga þarf að samnýtingu jarðstrengjaleiða og stígagerðar.

Bls 88 - Almenningsamgöngur. Texta hefur verið breytt: Strætisvagnar Akureyrar sjá um almenningsamgöngur innan bæjarins. Nýtt leiðakerfi strætisvagna er unnið með það að leiðarljósi að þjóna markvisst sem flestum íbúum bæjarins og auka þannig notkun strætisvagna. Mikilvægt er að þróa almenningsvagnakerfið áfram í tengslum við markmið um þróun byggðar og atvinnusvæða.

Bls. 89 - Fráveita. Í textann hefur verið bætt: Lokið er við að leggja þrýstilögn og byggja dælustöðvar meðfram strandlengjunni að nýrri útrás við Sandgerðisbót.

Bls. 92 - Virkjanir. Fallhæð og lengd þrýstípu hafa verið leiðrétt. - Mynd 31. Núverandi gerð raflínanna hefur verið bætt við.

Bls. 94 - Úrgangsmál. Textanum hefur verið breytt: Á Akureyri er sorp flokkað í lífrænt, endurvinnanlegt og ólífrænt sorp. Lífrænt sorp fer í jarðgerð hjá Moltu, endurvinnanlegt í endurvinnslufarveg héraðs sem og erlendis og almennt sorp fer til urðunar í Stekkjavík norðan Blönduóss. Notaðri steypingarolíu og dýrafitu er safnað og fyrirtækið Orkey framleiðir lífdísel úr afurðinni. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með endurvinnslu úr plasti og unnin olía úr því í fyrirtæki innan bæjarins. Þá er hér að finna önnur endurvinnslu/endurnýtingar fyrirtæki.

Bls. 125 - Veðurfar. Í textann hefur verið bætt: Trjágróður eykur skjól og hækkar meðalhita. Nauðsynlegt er að skipuleggja trjágróðurinn sérstaklega og nota hann markvisst í þessum tilgangi.

Bls. 130 - 3.6.1 Umhverfissvænar samgöngur. Textanum hefur verið breytt: Auka skal gæði og þægindi í almenningsamgöngum huga að því að hraðahindranir trufla akstur strætisvagna sem minnst.

Bls. 131 - 3.6.2.1 Stofnbautir. Í textann hefur verið bætt: Mikilvægt er að tengingar við stofnbrautir séu fáar og öruggar til að tryggja umferðarflæði og umferðaröryggi auk þess sem biðstöðvar strætisvagna séu útfærðar á þann hátt að þær tefji ekki fyrir umferð á stofnbrautum.

Bls. 135 - 3.6.4 Almennings­samgöngur. Textanum hefur verið breytt: Mikilvægt er að tengingar við stofnbrautir séu fáar og öruggar til að tryggja umferðarflæði og umferðaröryggi auk þess sem biðstöðvar strætisvagna séu útfærðar á þann hátt að þær tefji ekki fyrir umferð á stofnbrautum.

Bls. 136 - 3.6.5. Umferðaröryggi. Textanum hefur verið breytt: Best er að nota lýsingu sem er öðruvísi á litinn en lýsing vegarins sem nánar er kveðið á um í ljósvistarskipulagi sjá gr. 2.4.6.

Bls. 137 - Bætt hefur verið inn hljóðvistarkorti.

Bls. 138 - 3.6.8. Flugvöllur. Í textann hefur veirð bætt: Í gildi eru skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll frá 2011 þar sem eru m.a. fyrirmæli um svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta eða takmörkun á meðferð fasteigna. Skipulagsreglurnar eru settar samkvæmt 59. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Bls. 143 - 3.8.1. Fræðslumál. Textanum hefur verið breytt: Starf skóla og leikskóla tekur ávallt miklum breytingum og í skólabyggingum í nýjum hverfum þarf að skoða frekari möguleika til skólabróunar og nýbreytni. Í umræðunni er að sameina rekstur skóla og leikskóla og efla þær sem þjónustueiningar í hverfunum. Þannig yrði til ein eining fyrir 1-15 ára börn. Fyrirsjáanleg er lokun einhverra leikskóla og að í staðinn komi aðstaða í nærliggjandi grunnskólum. Sjá nánari forsögn í köflum 3.8.1.1 og 3.8.1.2.

Skólastarfið er í sífell­dri þróun í takt við breytingar í samfélaginu. Því er mikilvægt að lóðir bjóði upp á möguleika á samnýtingu, stækkingu og þróun mannvirkja, bæði bygginga og útivistarsvæða. Ný skólanámskrá kallar á meiri þörf fyrir aðstöðu til verk- og listgreinakennslu í grunnskólum sem kallar á endurskoðun á rýmishöfð. Í tengslum við skóla/leikskóla þarf einnig að reikna með öflugum íþróttastarfi. Starfsemin gerir kröfur sveigjanleika og að ekki sé þrengt að byggingum eða útisvæðum þannig að það hamli uppbyggingu mannvirkja í takt við þá þróun sem verður óhjákvæmilega í framtíðinni.

Bls. 152 - 3.8.5. Íþróttir og útivist. Textanum „Akur og Eik eru íþróttafélög þroskaheftra og fatlaðra“ hefur verið breytt í „Akur og Eik eru íþróttafélög fatlaðra.“

2. Uppdrættir

2.1 Þéttbýlisuppráttur Akureyri

Dælustöð við norðurhorn Sjafnargötu hefur verið færð inn.

Reitur AT5 verði stækkaður.

Svæðið milli Rauða Róló og Núpasiðu hefur verið fellt út sem þéttingarsvæði.

Svæði ÍB17 og ÍB18 hafa verið stækkuð lítillega.

Svæði VP17 hefur verið stækkað lítillega á kostnað AT5.

Svæði fyrir tvö fyrirhuguð einbýlishús fyrir austan lóð Glerárskóla hefur verið breytt í stofnanasvæði.

Svæði H2 við Leiruveg hefur verið fellt brott vegna öryggis Akureyrarflugvallar.

Göngu- og reiðstígur við suðurenda flugbrautar Akureyrarflugvallar hefur verið færður vegna uppsetningar blindflugsbúnaðar á Akureyrarflugvelli.

Svæði fyrir aðflugsljós við norðurenda flugbrautar verði merkt sem flugvallarsvæði.

Þéttingarsvæði á æfingavelli KA við Dalbraut hefur verið breytt í stofnanasvæði.

Göngu- og reiðleið vestan golfvallarins sem liggur að Miðhúsaleið hefur verið bætt á uppdráttinn.

Gönguleið með gömlu Glerárbrúnni hefur verið bætt á uppdráttinn.

Loftlínur og jarðstrengir norðan Naustaflóa hafa verið lagfærð.

Helgunarsvæði loftlína hafa verið færð inn.

Svæði ÍB11 Kotárborgir hefur verið minnkað úr norðri.

Reiðstígar við athafnasvæði hestamannafélagsins sem tengjast hesthúsasvæðum og svæðum ofan byggðar til suðurs hafa verið lagfærðir.

Afmörkun svæðis I19 Malbikunarstöð hefur verið breytt.

2.2 Hrísey

Stofnbraut hefur verið breytt í tengibraut.

2.3 Grímsey

Svæði F12 fyrir frístundabyggð hefur verið fært sunnar.

2.4 Sveitarfélagsuppdráttur

Græni trefillinn hefur verið aukinn við Glerárgljúfur.

3. Rammahluti aðalskipulags - Oddeyri

Texti um hús með varðveislugildi hefur verið lagfærður.

4. Umhverfisskýrsla

Undir Náttúru- og menningarminjar hefur Sílabás verið bætt inn í hverfisvernd.